



Alþingi
Erindi nr. P 138/1309
komudagur 19.3.2010

Nefndasvið Alþingis
Allsherjamefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 18.03.2010
Mál: 201003-0006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands og fleiri lögum (~~390 mál~~) 375. mál

Alþýðusamband Íslands styður eindregið framgang þessa máls. Eftirfarandi athugasemd er þó gerð við efni frumvarpsins. Samkvæmt 1.gr. l. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gilda þau lög einungis um þá starfsmenn ríkisins sem gegna aðalstarfi í þágu þess. Í 3 kafla frumvarpsins er fjallað um breytingar á þeim lögum. Taka þarf af allan vafa um að þær mikilvægu breytingar sem gerðar eru á lögum 70/1996 taki til allra starfsmanna ríkisins en ekki einungis hluta þeirra.

Virðingarfyllst,

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ.

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/1281
komudagur 17.3.2010



Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 16. mars 2010

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands og fleiri lögum (siðareglur), þskj. 676 - 375. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til setningar siðareglna fyrir ráðherra ríkisstjórnarinnar og stjórnslu ríkisins. Bandalagið hefur komið að málinu á fyrri stigum þess og styður framgang þess. BSRB gerir ekki athugasemdir við efni þess en áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum við meðferð málsins um þingið.

Fyrir hönd BSRB

Helga Jónsdóttir
Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 138/1327
komudagur 2.138/1327

FÉLAG  ATVINNUREKENDA

Nefndasvið Alþingis
B.t. allsherjarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. mars 2010

Efni: Umsögn Félags atvinnurekenda um frumvarp til laga um Stjórnarráð Íslands (siðareglur), 375. mál.

I. Almennt

Vísað er til erindis háttvirtrar allsherjarnefndar Alþingis dagsett 9. mars 2010 þar sem óskað er umsagnar Félags atvinnurekenda um frumvarp til laga um Stjórnarráð Íslands (siðareglur), 375. mál.


Félag atvinnurekenda gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

II. Annað

Að lokum áskilur Félag atvinnurekenda sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllt,



Harpa Samúelsdóttir lögfræðingur
f.h. Páls Rúnars M. Kristjánssonar hdl.

FÉLAG  ATVINNUREKENDA

Alþingi
Erindi nr. P 138/1240
komudagur 12.3.2010

FÉLAG FORSTÖÐUMANNA RÍKISSTOFNANA

Alþingi
Nefndasvið
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Akranesi 11. mars 2010

Efni: Umsögn Félags forstöðumanna ríkisstofnana um frumvarp til laga um breytingar á lögum um Stjórnarráð Íslands og fleiri lögum (siðareglur), 375 mál.

Þann 9. mars 2010 barst undirrituðum til umsagnar fyrir hönd Félags forstöðumanna ríkisstofnana frumvarp til laga um breytingar á lögum um Stjórnarráð Íslands og fleiri lögum (Siðareglur), 375 mál.


Umsögn félagsins er eftirfarandi:

Félag forstöðumanna ríkisstofnana hefur um árabíl unnið að því í samvinnu við ýmsa aðila s.s. Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands og fjármálaráðuneytið að efla fræðslu og menntun stjórnenda hjá hinu opinbera. Þetta hefur ekki síst verið gert með það að markmiði að bæta íslenska stjórnsýslu og auka skilvirkni hennar.

Félag forstöðumanna ríkisstofnana fagnar frumvarpi um siðareglur (mál nr. 375) í íslenskri stjórnsýslu og styður sérstaklega ákvæði um að sett verði á laggirnar samræmingarnefnd með aðkomu fulltrúa félagsins.

Félag forstöðumanna ríkisstofnana gerir ekki athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

F.h. Félags forstöðumanna ríkisstofnana


Magnús Guðmundsson, formaður FFR
(magnus@lmi.is)

Landmælingar Íslands
Stillholt 16-18
300 Akranes



FÉLAG PRÓFESSORA
VIÐ RÍKISHÁSKÓLA

Alþingi
Erindi nr. P 138/1820
komudagur 28.4.2010


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. apríl 2010

Af hálfu allsherjarnefndar Alþingis hefur þess verið farið á leit við Félag prófessora við ríkisháskóla að gefin verði umsögn um frumvarp til laga um Stjórnarráð Íslands (siðareglur), 375. mál.

Félagið fagnar framkomnu frumvarpi til laga um Stjórnarráð Íslands (siðareglur) og gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Félags prófessora við ríkisháskóla


Gísli Már Gíslason formaður.



Alþingi
Erindi nr. P 138/1326
komudagur 22.3.2010

Félag starfsmanna Alþingis

Reykjavík, 22. mars 2010

Allsherjarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands og fleiri lögum (siðareglur)

Með tölvupósti dagsettum 9. mars 2010 óskar allsherjarnefnd Alþingis eftir umsögn Félags starfsmanna Alþingis (FSA) um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, lögum nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og lögum nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð.

Með frumvarpinu er lagt til að teknar verði upp siðareglur fyrir ráðherra og starfsmenn ríkisins.

Stjórn FSA hefur fjallað um frumvarpið á fundi og fagnar efni þess. Lögfesting frumvarpsins og staðfesting siðareglna í kjölfarið myndi setja ramma um gott samstarf milli Alþingis og Stjórnarráðsins þar sem Alþingi og eftirlitsstofnanir þess sinna rannsóknum og ýmiss konar eftirliti með framkvæmdarvaldinu. Þó er rétt að benda á fáein atriði:

- Frumvarpið og greinagerð þess leggur megináherslu á stjórnarsýslu ríkisins. Þrátt fyrir það tekur frumvarpið einnig til starfsmanna ríkisins sem ekki hafa með höndum stjórnarsýslu, t.d. starfsmanna Alþingis. Alþingi og stofnanir þess eru hins vegar undanþegnar stjórnarsýslulögum.
- Skv. frumvarpinu er umboðsmanni Alþingis falið ákveðið eftirlitshlutverk með framkvæmd siðareglna, en skv. 3.gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann, tekur starfsvið hans t.d. ekki til starfa Alþingis og stofnana þess.
- Í frumvarpinu er fjármálaráðherra falið að staðfesta almennar siðareglur fyrir starfsmenn ríkisins, en skv. 51. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, er forseti Alþingis í fyrirsvari gagnvart starfsmönnum þingsins, um þetta er ekkert fjallað í frumvarpinu eða greinagerð þess. Með hliðsjón að þrískiptingu ríkisvaldsins sem mælt er fyrir um í 2. gr. stjórnarskrárinnar er eðlilegt að forseti Alþingis setji starfsmönnum þingsins og stofnunum þess siðareglur, en ekki ráðherrar.

Stjórn FSA leggur til að allsherjarnefnd skoði betur hvernig skuli háttá eftirliti með siðareglum þegar kemur að þeim starfsmönnum ríkisins sem ekki sinna stjórnarsýslu og að gerðar verði breytingar þannig að enginn vafi leiki á því að forseti Alþingis eigi að setja starfsmönnum Alþingis og stofnunum þess siðareglur, en ekki ráðherrar.

Virðingarfyllt

Ingvi Stígsson
formaður FSA

Sendandi: Félagssráðgjafafélags Íslands (siðanefnd)

Dagsetning: 19.mars 20010

Þingmál : Þskj.676 – 375. Mál

Umsögn um Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands og fleiri lögum (siðareglur)

Almennt álit.

Siðareglur með lagastoð fyrir ráðherra og stjórnarsýslu eru framfarir og nýnæmi á sviði reglusiðfræði. Við teljum frumvarpið vera til bóta og að baki þess liggur vandað nefndarálit þó að tillögum þess hóps hafi ekki verið fylgt að öllu leyti. Flókið samspil löggjafar og siðfræði hefur meðal annars leitt til þess að í siðanefndum fagfélaga er í æ ríkara mæli kallað eftir aðstoð lögfræðinga þegar skera þarf úr um siðfræðileg málefni. Mörkin á milli siðfræði og laga er í sumum tilvikum á mjög gráu svæði. Siðanefndir fagfélaga verða oft óruggar á umboði sínu til þess að taka á málum án skýrar aðstoðar frá lögmonnum. Þannig verður hið siðfræðilega sjónarhorn oft vanmetið eða minna en efni standa til. Með því að vísa til siðareglna með þeim hætti sem gert er í þessu frumvarpi ætti að skapast sterkari grunnur fyrir siðareglum þeim sem fjalla um starfsmenn Stjórnarráðs Íslands.

Við vildum koma á framfæri tveimur athugasemdum. Önnur þeirra er um framkvæmdina sem við teljum óþarflega flókna. Þegar breytingarnar við lagafrumvarpið eru lesnar og mátað er við hugsanleg úrlausnarefni vekur athygli að framkvæmdin er nokkuð flókin með skörun milli fleiri en eins ráðherra. Sömu leiðis á milli samhæfingarnefndar og Umboðsmann Alþingis. Þetta þarf að einfalda. Eftir því sem skörunin er meiri eykst flækjustigið.

4. gr. í III kafla

Hin athugasemdin tengist 4. gr. í III kafla. Þar er talað um að ekki sé heimilt „að láta starfsmann gjalda þess að hann greini viðeigandi aðilum frá lögbrotum eða brotum á siðareglum sem hann hafi orðið áskynja í starfi“ (tilvitnun lýkur). Í nefndarálitinu og greinagerð með frumvarpinu er talað um tilkynningar og nafnleynd með þeim ef fólk verði einhvers áskynja. Er hér verið að tala um einhvers konar vitnavernd eða einhvers konar ákvæði líkt og blaðamenn hafa með heimildarmenn? Þetta er of óljóst ákvæði í greininni að okkar mati. Nokkur reynsla hefur skapast við úrlausn siðfræðilegra málefna og ágreiningsmála í okkar fagfélagi. Sú reynsla hefur leitt í ljós að það að stíga fram undir réttu nafni með kvörtun og skriflegum rökstuðningi er í raun mjög sanngjörn málsmeðferð bæði fyrir þann sem kvartað er yfir og þann sem er að kvarta. Í siðareglum með lagastoð þarf þessi framgangsmáti að vera alveg skýr. Hvetja þarf til þess að tjáskipti um vafaatriði séu hrein og bein til hagsbóta fyrir alla aðila. Það er hættulegt á vinnustað að örva neðanjarðarskrif um „lögbrot“ og „siðabrot“. Það þarf allt að vera upp á borðinu og ferlin þurfa að vera gagnsæ.

*J. b. Siðanefndars Félagssráðgjafafélags Íslands
Kanna L. Sigurðardóttir (f.m.)*



Alþingi
Erindi nr. P 138/1328
komudagur 22.3.2010

LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Reykjavík 18. mars 2010.

Allsherjarnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Tilvisun yðar: Þskj. 676 – 375. mál 138. löggjafarþing

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands og fleiri lögum (siðareglur).

Almennt:

Landssamband lögreglumanna (LL) fagnar framlagningu þessa frumvarps, enda löngu tímabært, að mati LL að slíkar reglur séu settar innan stjórnarsýslunnar.

Hér má nefna það sérstaklega að siðareglur hafa verið til fyrir lögreglu í allmörg ár.

Að öðru leyti gerir LL ekki efnislegar athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins.

F.h. Landssambands lögreglumanna

Snorri Magnússon

Formaður

25.2.2010

Alþingi
Erindi nr. þ 138/1410
komudagur 26.3.2010

Allsherjarnefnd Alþingis

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands og fleiri lögum (siðareglur).

Stjórn Prestafélags Íslands fagnar framkomnu frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands og fleiri lögum (siðareglur), og vonast til þess að traust til ríkisstofnana styrkist og siðferðisvitund ríkisstarfsmanna skerpist í kjölfarið.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfest verði umgjörð um siðareglur fyrir ráðherra, starfsmenn Stjórnarráðs Íslands og fyrir almenna ríkisstarfsmenn.

Siðareglurnar eru nokkuð ýtarlegar og er það gott.

Það er jafnfram til fyrirmyndar að í framhaldi verði unnið að því að siðareglurnar verði virkar í lífi starfsmanna með fræðslu, samhæfingu og viðurlögum.

Með kveðju,
Sigrún Óskarsdóttir, varaformaður PÍ

Alþingi
Erindi nr. P 138/1329
komudagur 22.3.2010



Nefndasvið Alþingis
Ailsherjarnefnd
b/t Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. mars 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands og fleiri lögum (siðareglur) (375. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér innleiðingu á siðareglum.

Viðskiptaráð gerir ekki athugasemd við ofangreint frumvarp.

Virðingarfyllt,

Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands